

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn

Herdís Jónsdóttir

Kennitala

0503813319

Ábyrgðamaður/-menn verkefnis

Nafn/nöfn

Herdís Jónsdóttir

Vinnustaður

Heilsuleikskólinn Bæjarból

Netfang

bæjarbol@leikskolarnir.is

Samstarfsaðilar

Tengiliður

Herdís Jónsdóttir

Vinnustaður

Heilsuleikskólinn Bæjarból

Netfang

hnodraholt@leikskolarnir.is

Tengiliður

Eyrún Brynjólfsdóttir

Vinnustaður

Heilsuleikskólinn Bæjarból

Netfang

eyrunbr@leikskolarnir.is

Tímasetning verkefnis

Upphafsdagur

01.09.2017

Lokadagur

31.05.2018

Heiti verkefnis

Málörvun yngri barna

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Í skólanámskrá er eitt af námssviðum leikskólans Læsi og samskipti og kemur fram að málörvun sé rauður þráður í starfi leikskólans. Leikskólinn er jafnframt með læsisstefnu sem byggir á þeim markmiðum að efla málþroska barna með fjölbreyttum aðferðum.

Í skólastefnu Garðabæjar kemur fram að allir leikskólar setji sér slíka læsisstefnu þar sem fram komi viðmið um lágmarkshæfni, aðferðir við mat og eftirfylgni. Þó svo að unnið sé með málörvun á öllum deildum leikskólans teljum við að gera megir betur og þá sérstaklega með yngstu börnunum frá 18 mánaða til 3 ára sem eru ekki í sérstaklega skipulögðum markvissum málörvunarstundum eins og eldri börnin. Barna sjá starfsmenn leikskólans tækifæri til úrbóta en mikilvægt er að hafa í huga að allir starfsmenn sem vinna með börnunum eru á einhvern hátt læsiskennarar. Jafnframt sjá starfsmenn möguleika á frekari samvinnu á milli deilda og þar af leiðandi meiri samfelli í námi barnanna.

Fyrirlestrar sem skipulagðir voru af talmeinafræðingum bæjarins í vetur hafa verið okkur mikil lyftistöng og aukið verulega áhuga deildarstjóra leikskólans að gera málörvun með yngstu börnum markvissari og nýta það frábæra námsefni sem til er. Sérstaklega hefðum við hugsað okkur að notast við námsefnið Lærum og leikum með hljóðin

eftir Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing. Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt námsefni ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðamyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Efnið hefur hingað til verið meira bundið við sérkennslu en þar sem mörg börn glíma við framburðarerfiðleika viljum við nýta námsefnið í daglegu starfi á deildum.

Að auki hefur starfsfólkið mikinn áhuga á því að fá leiðbeiningar um möguleika á að nota iPad meira sem málörvunartæki og appið sem fylgir Lærum og leikum með hljóðin er góð byrjun í því að nýta Ipada markvisst í starfinu.

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Markviss málörvun hefur hingað til verið skipulögð sérstaklega með tveimur elstu árgöngum leikskólans enda námsefni markvissrar málörvunar aðlagð að þeim aldurshópi. Markvissar málörvunarstundir hafa verið tvisvar í viku tíu sinnum fyrir áramót og tíu sinnum eftir áramót. Með þremur yngstu árgöngunum hafa hins vegar ekki verið sérstakar stundir heldur hefur verið unnið með ákveðna áherslupætti inni á deildum.

Þar sem þessar málörvunarstundir eru komnar til ára sinni þykir starfsfólki leikskólans kominn tími til að endurskoða og bæta stundirnar. Auk þess viljum við setja inn markvissari málörvun fyrir yngri börnin, t.d. hljóð bókstafanna og hefja þannig lestrarkennslu markvissar en áður hefur verið. Með því að hafa stundirnar skipulagðari með yngri börnunum erum við einnig að vinna betur að snemmtækri íhlutun.

Í kaflanum Læsi og samskipti í skólanámskrá Bæjarbóls eru ákveðnir áherslupættir sem unnið er með, t.d. almenn málörvun, markviss málörvun, framsögn og ritmál. Markvissari málörvunarstundir styðja vel við þessa þætti í öllu starfi leikskólans.

Tenging við áherslupætti sjóðsins

- ☒ Innra mat og skólapróun
- ☐ Upplýsingatækni í kennslu og gerð námsefnis
- ☒ Samskipta- og félagsfærni
- ☐ Hreyfing og velferð
- ☐ Sjálfbærni
- ☐ Samvinna innan og á milli skóla og skólastiga

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Ávinningur þróunarstarfsins fyrir Bæjarból yrði eftir þessa vinnu markvissara starf í tengslum við læsi og eflingu málþroska fyrir öll börn leikskólans. Með því að notast við efni Bryndísar talmeinafræðings værum við með góðan grunn til að kynna börnin fyrir bókstöfum, hljóðum og lestri á markvissan hátt. Þar með yrðu þau betur undirbúin fyrir grunnskólann. Starfsfólki finnst nauðsynlegt að þróa starfið áfram, og þá sérstaklega markvissa málörvun, og uppfæra markvissar málörvunarstundirnar til þarfa barna í dag. Einnig teljum við þróunarverkefni sem þetta gott tæki til auka samstarf á milli deilda, auka samtal um námsefni og nýtingu á því, skapa samfellu í námi barna og auka meðvitund alls starfsfólks á mikilvægi málörvunar á öllum aldurs skeiðum.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

Undirbúningur:

Námsefnið lærum og leikum með hljóðin keypt inn fyrir leikskólann

Öpp sett í Ipada

Málörvunarleikefni fyrir deildar skoðað og keypt viðbót t.d. stafaleikföng, veggspjöld og fl.

Námskeið í lærum og leikum með hljóðin fyrir allt starfsfólk - Bryndís Guðmundsdóttir

Framkvæmd:

Námskeið og umræður um skipulag vinnunnar á skipulagsdegi haust 2017

Deildarstjórar þriggja yngstu aldurshópa skipuleggja vetrarstarfið með námsefnið i huga.

Byrjað að vinna markvisst með lærum og leikum með hljóðin í október 2017

Hljóða og sögupokar fyrir nokkrar einfaldar sögur og hljóð sem henta yngstu börnunum útbúnir. t.d. geiturnar þrjár, Gullbrá og birnirnir þrír.

Eftirfylgni:

Endurmat starfsmanna á skipulagsdegi í janúar 2018 og aftur í maí 2018

Skráningar á nýtingu efnisins

Skráningar á viðbótarefni í málörvun hefur bæst við leikefna/leikfangakost leikskólans sem nýtist í verkefninu

Útbúið námsefni í markvissri málörvun yngri barna -tilbúið haustið 2018

Sjá helstu verkþættir á fylgiskjali sem Halldóra kemur á framfæri

Ráðgjafar verkefnisins

Nafn

Hlutverk

Bryndís Guðmundsdóttir

Fyrirlestur - fræðsla

Nafn

Hlutverk

Stella Hermannsdóttir

Ráðgjafi

Nafn

Hlutverk

Kostnaðaráætlun - Um áætlaðan raunkostnað er að ræða

Kostnaðarliður:

Laun þátttakenda samtals:

262.500 kr.

Tíma fjöldi x 7.500 kr

Laun sérfræðinga og ráðgjafa/námskeið, samtals:

100.000 kr.

Tíma fjöldi x 12.000 kr

Efniskaup, samtals:

108.500

Samtals áætlaður kostnaður:

471.000

Efniskaup, sundurliðun

Lærum og leikum með hljóðin - grunnaskja - 16.000kr.
Lærum og leikum með hljóðin - R og S askja - 26.000kr.
Lærum og leikum með hljóðin - borðmottur 5stk. - 9.000kr.
Lærum og leikum með hljóðin - geisladiskar 5stk. - 7.500kr.
Smáhlutir fyrir leiki 10.000kr.
Öpp í iPada - 10.000kr.
Bækur og leikföng - 30.000 kr.

Kostnaðaráætlun:

Afrit af framkvæmdarit-málörvun.xlsx

Garðabær dags.

31.03.2017

Ábyrgðamaður umsóknar

Herdís Jónsdóttir